

AUGLÝSING um skipulagsmál í Akureyrarbæ.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Hvannavallareit.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 14. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir Hvannavallareit.

Breytingin felur í sér að skipulagssvæðið minnkar úr 1,59 ha í 1,17 ha til samræmingar við mörk aðliggjandi deiliskipulags fyrir Tryggvabraut.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði sunnan Glerár.

Bæjarstjórn Akureyrarbæjar samþykkti 14. desember 2022 breytingu á deiliskipulagi fyrir hafnarsvæði sunnan Glerár.

Breytingin felur í sér breytingu á skipulagsmörkum til samræmingar við mörk aðliggjandi deiliskipulags fyrir Tryggvabraut.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið meðferð í samræmi við 2. mgr. 43. gr. og 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast hún þegar gildi.

F.h. Akureyrarbæjar, 18. janúar 2023,

María Markúsdóttir verkefnastjóri skipulagsmála.

B-deild – Útgáfudagur: 1. febrúar 2023